

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR

Er þetta austfirska?

AUSTFIRSKT MÁL OG MÁLNOTKUN MEÐ

HLIÐSJÓN AF RANNSÓKNUM

STEFÁNS EINARSSONAR

Málþing á Breiðdalssetri á Breiðdalsvík 8.–9. júní 2013

Góðir áheyrendur

Það er mér bæði heiður og ánægja að fá að vera hér með ykkur í dag og ég þakka kærlega fyrir þetta góða boð.

En þá að efninu. Það sem ég hef hér fram að færa í dag er flest allt byggt á nokkuð persónulegri reynslu minni af því sem ég hef stundum talið vera austfirsk orð og orðasambönd en eru það kannski alls ekki þegar allt kemur til alls. Enda hvað er austfirska? Því get ég ekki svarað, a.m.k. er mjög erfitt að ákveða austfirskan orðaforða. Stefáni til heiðurs ætla ég þó að nefna eitt breiðdælskt framburðaratriði.

Í fyrirlestri sem Stefán hélt árið 1949 og nefndi *Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslenzku* minntist hann á prestsetrið hér í sveitinni og segir:

Heima í minni sveit hét prestsetrið *Eyðalir*. Varla er hægt að hugsa sér fallegra nafn og einfaldara nafn. Hvernig gat þá staðið á því, að karlarnir og kerlingarnar heima í sveitinni afbökuðu það stundum og kölluðu staðinn ýmist *Eyddali* eða *Eytali*? Þetta sama fólk kallaði að vísu sveitina *Breiddal*, þótt hún hét *Breiðdalur*, en þetta virtist vera algeng og skiljanleg tillíking. Slíkri skýringu var ekki til að dreifa um *Eyddali* og því síður *Eytali*.

Almennt séð segir Stefán það eðlilegt að algeng samsett orð fari að haga sér eins og þau væri ósamsett, eins og flest orð eru. Hér bæti ég við framburðarmyndum eins og *Skriðdalur*, *Skarsá* og *Grjóttnes* fyrir *Skriðdalur*, *Skarðsá* og *Grjótnes*. En Stefán spyr hvernig standi á orðmyndum eins og *Eyddölum* eða þá *Eytölum*? Jú, hann svarar sjálfum sér og segir að svarið blasi við: *Ey-dalir* verði *Eyd-alir* þar sem *alir* væri eins og viðskeyti. En þar sem *d* kemur ekki fyrir á milli sérhljóða í slíkri stöðu þá varð orðið að *Eyddölum* eða þá *Eytölum*. Hann nefnir sem hliðstæðu þegar orðið *sodi*

verður *sóti* í framburði. Og svo eru það *Eyðalir*. Ég hef séð nokkur dæmi um þá ritmynd en veit þó ekki hvort hún á við rök að styðjast.

Nú er ég ekki svo kunnug hér um slóðir að ég viti hvort þessi Eydala/Heydala-framburður lifi enn. Því verða aðrir að svara. En það sló mig aðeins að í ágætri grein frá 1959 eftir minn gamla kennara, Hrein Benediktsson, sem gæti hafa verið kunnugur hér, að hvergi er minnst á *Eydali* enda þótt hann geri góða grein fyrir grein skoðunum Stefáns á framburðinum á *Breiðdal* og áður hefur verið vísað til.

En þá er að snúa sér að meintum austfirskum orðum og orðasamböndum. Ég man það vel þegar Jón Aðalsteinn Jónsson spurði okkur sem þá unnum á Orðabók Háskólans hvort við gætum sagt *Mér/okkur er áfram um e-ð*. Ég var eini (viðstaddi) starfsmaðurinn sem gerði það. Og meira en það: Það kom mér algjörlega á óvart að aðrir skyldu segja *Ég er /Við erum áfram um e-ð*. Ég hafði aldrei tekið eftir því. Tilefni spurningarinnar var það að hringt hafði verið í Jón og spurst fyrir um þágufallsfrumlagið. Sá sem hringdi hafði rekist á þetta í texta hjá samstarfskonu sinni en hún var einmitt Norðfirðingur eins og ég.

Eftir þetta hef ég alltaf haft eyrun opin fyrir þessu. Flestir þeir sem hafa sambandið ópersónulegt eins og ég hafa verið að austan eða haft tengsl austur en þó ekki allir. En samkvæmt ritheimildum er dæmafjöldinn allmikill og þá er alls ekki hægt að binda þau við landshluta. Elsta dæmið sem ég hef fundið er úr vestur-íslenska blaðinu *Lögbergi* frá 1910 en ég fæ ekki betur séð en þegar kemur fram á fjórða áratuginn fjölgi þeim allmikið. Ég sýni hér nokkur dæmi lesendum til fróðleiks.¹

- **Mér er áfram um** að vita, hversu eignum mínum er háttáð.
 - *Lögberg* 1910, 33. tbl., bls. 6.
- **Jónasi er** sem sé **áfram um** að fá verkamenn ... til þess að bera töp á útgerðinni.
 - *Réttur* 1936, bls. 12.
- Athugunin fer þannig fram að textinn allur er settur í tölvu sem fengið hefur fyrirsmáli um að hafa tölu á þeim orðasamböndum, sem **fræðimönnum er áfram um** að kanna.
 - *Morgunblaðið* 15. júlí 1980, bls. 39.

¹ Dæmi sem ég nota til að skýra mál mitt eru tekin úr ritmálssafni Orðabókarinnar, sjá *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* -> www.arnastofnun.is, eða af vefnum *timarit.is* nema annað sé tekið fram. Ég þakka Gunnlaugi Ingólfssyni og Guðrúnu Kvaran fyrir liðveislu af ýmsum toga.

- **Samfylkingu var áfram um** að Davíð viki úr embætti.

– *Fréttablaðið* 19. apríl 2010, bls. 12.

Í elsta dæminu um *vera áfram um e-ð* er frumlagið í nefnifalli en ekki í þágufalli eins og hér á undan.

- **Ég** er ekki mikið **áfram** um það.

– *Alþingisbók* 1859, bls. 858.

Í Málfarsbanka Árnastofnunar, sjá *Málfarsbanki* -> www.arnastofnun.is, stendur:

- Rétt er að segja **ég er áfram um þetta** en ekki "mér er áfram um þetta".

Ég staldra aðeins við þetta og spyr hvers vegna. Í stuttu máli sagt er ég ekki alveg sammála þessu enda þarf þetta ekki að vera rétt. Í fyrsta lagi er þetta einmitt sama setningagerðin og þar sem algengt er að hafa hana ópersónulega, þ.e. frumlagi í þágufalli, með atviksorði (eins og *áfram* er), óbeygjanlegu lýsingarorði eða lýsingarorði í hvorugkyni.²

- *atviksorð*
 - **mér/okkur er áfram** um e-ð; **mér/okkur er sama** um e-ð.
- *óbeygjanlegt lýsingarorð*
 - **mér/okkur er e-ð ofviða; okkur varð sundurorða.**
- *lýsingarorð í hvorugkyni eintölu*
 - **mér/okkur er kalt.**

Í öðru lagi og það skiptir máli: Merkingarlega fellur sambandið *vera áfram um e-ð* einmitt undir þann hóp sagna og sambanda þar sem frumlagið er í aukafalli, oftast í þágufalli: *mér finnst/þykir/batnar/kólnar* svo að dæmi séu nefnd. Þolfall er heldur ekki útilokað, sbr. *mig vantar* eða *skortir*. Og niðurstaðan er sú að ég ætla að halda uppteknum síð, mér er nefnilega áfram um það. Þetta er það mál sem ég lærði, mér finnst margt styðja að það sé rétt, að þetta sé enginn formvandi eða þágufallssýki. En ég endurtek að það er heldur ekkert rangt við að segja *ég er áfram um, við erum áfram um* rétt eins og við segjum *vera dauðvona, fullveðja, vansvefta* (óbeygjanleg lýsingarorð) með frumlagi í nefnifalli, sömuleiðis *það er vel* (atviksorð). Þetta er munur í máli fólks og hann ber að virða.

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (2002) er orðið *fyrirdiskur* haft um grunnan matardisk og lítinn kökudisk með kaffibolla. Í mínu máli var og er þetta fremur lítill

² Orðunum safnaði ég saman úr bók Höskuldar Þráinssonar (2005), *Setningum*.

diskur sem hafður er undir brauðmeti hverju nafni sem það nefnist, sem sagt fylgidiskur annars disks. Þetta orð varð uppspretta töluverðra vangaveltna í upphafi míns búskapar. Eiginmaðurinn hafði aldrei heyrt orðið og skildi ekki. Samt er hann orðfróður í besta lagi og mikill áhugamaður um málið. Í mínum uppvexti heyrði ég aldrei minnst á *kökudisk* í þessari merkingu. Í *Íslenskri samheitaorðabók* (2012:348) eru orðin *hjádiskur* og *meðdiskur*, sem ég þekki ekki nema sem orð á bók, undir flettunni *kökudiskur* auk fyrirdisksins. Í ritmálssöfnum er fyrirdiskinn ekki að finna. Í talmálssafni Orðabókarinnar eru mörg dæmi um orðið, einkum af austanverðu landinu og norðan úr Þingeyjarsýslum en svo líka héðan og þaðan af landinu. Ég hef fundið orðið á lista úr orðaforða eldra fólks í Reykjavík um 1990.³ En ég hef líka heyrt því haldið fram að orðið sé gamalt og gott og alls ekki bundið við Austfirði. Samt er það reynsla mín að orðið lifi einkum fyrir austan. Ég hef spurt marga um orðið, t.d. beðið þá um að rétta mér fyrirdiskinn, en aðeins uppskorið spurningu, þó ekki Austfirðinga.

Mér er það minnisstætt þegar mér var sagt frá því að kona nokkur héðan úr Breiðdalnum talaði um *sela* á buxum þar sem aðrir tala um *silu*. Jafnframt var þess getið að hún væri alls ekki flámælt. En ég get sagt frá því að þannig lærði ég þetta orð og það úr munni fólks sem heldur ekki er flámælt. Málfræðingur einn sem ég ráðgaðist við taldi hugsanlegt að þannig hefði orðið raungerst í munni flámæltra og breiðst svo þannig út. En svo þarf ekki að vera. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:815) segir nefnilega að *seli* sé forn orðmynd og það sé t.d. til í nýnorsku og færeysku, *sele* og *seli*.

Í söfnum Orðabókarinnar er ekkert dæmi um orðið. En um *silu* eru dæmin fjölmörg í ýmsum samböndum og merkingum. Þar af eru tvö dæmi í talmálssafni þar sem skrifað er *seli*. Eftir konu að vestan er t.d. haft:

Fyrir vestan voru það kallaðir *selar*, þegar skóf þvert á veg og mynduðust litlir skaflar. Mér hefur vel dottið í hug, að þetta sé hljóðvilla fyrir *silur*, því að hún var þarna til.

Nú um páskana spurði mig eldri kona ættuð héðan að austan um *lághelgarnar* eða *lægri helgarnar*. Hún hafði notað þessi orð um skírdaginn og föstudaginn langa í samtali við sér yngra fólk í fjölskyldu sinni, fólk sem uppalið er syðra. Enginn þekkti orðin. Samkvæmt upplýsingum af Orðabókinni og svari Guðrúnar Kvaran (2013) á

³ Sjá http://vefir.nams.is/malyrkja/Vidbotarverkefni/ordafordi_eldra_folks.htm; skoðað 6. júní 2013.

Vísindavefnum eru þessi orð, *lághelgar og lægri helgar*, einkum þekkt á Austfjörðum en líka eitthvað á norðausturhluta landsins. Það er athyglisvert að í þeim ritmálssöfnum, sem mér eru tiltæk, finnast aðeins örfá dæmi um orðin og þau eru ung.

- Í þrjá daga um **lægri helgarnar** ... stóð yfir myndýning ...
 - *Austurland* 7. maí 1976, bls. 1.
- Þess í stað nýta menn dagana, bæði **lághelgar** og hámessutíma, til þess að gera sér alls konar dagamun, svo sem er viðtekin páskavenja ...
 - *Tíminn* 23. mars 1989, bls. 8.

Því er við að bæta að mér finnst ég sjaldan eða aldrei heyra minnst á *skírdagshelgarnar* heldur séu *bænadagarnir* eina orðið sem notað er. Guðrún Kvaran segir í áður nefndu svari sínu að á síðari áratugum hafi það orðið algengara að nefna alla páskavíkuna bænadaga.

Það var í eina tíð í vinnu á Orðbókinni að ég sagði e-ð á þá leið að ég hefði ekki getað gert mér eyrun ónýt í merkingunni, hefði ekki komist hjá að heyra e-ð sem skipti máli. Viðmælendur þekktu þetta ekki og það kom mér á óvart, mér fannst að þetta ættu allir að þekkja enda vel þekkt úr mínu umhverfi. Jón G. Friðjónsson (2006:177) segir í bók sinni um orðatiltækin, *Mergur málsins*, þetta samband vera ungt og sjaldgæft. Og auðvitað er það rétt hjá Jóni að heimildirnar eru nánast engar. Vel er hugsanlegt að sambandið *gera (sér) ekki augun ónýt*, sem Jón segir líka sjaldgæft, sé fyrirmyndin að hinu. Um það orðatiltæki eru allmargar heimildir, sú elsta frá 1920 og það er úr vestur-íslenska blaðinu *Heimskringlu*.

- Sturlun snýr ferð hans í hróp, feykir fögrum pilsunum um fætur kvenna, og hreyfing efnisins er eldur á götu, leikur ljóss og skugga á veggjum frygðar, - og núna **getur enginn gert sér augun ónýt**.
 - *Lesbók Morgunblaðsins* 13. ágúst 2005, bls. 14. (úr kvæði)

Orðasambandið *gera e-ð fyrir hálf orð* hefur löngum verið mér tamt enda vandist ég því í uppvexti mínum. Nokkrir hafa vakið máls á því við mig að þeir þekktu þetta ekki enda þótt þeim væri það auðskilið. Þess má geta að elsta dæmið sem ég fann í ritmálssafninu var aðeins öðruvísi eða *gera við hálf orð*.

- En það var yfirsjón ykkar, að þið ekki beidduð hann að ljá ykkur mig til fylgdar alla leið, því hann hefði **gjört það við hálf orð**.

- Úr þýðingu Eiríks Magnússonar á *För pílagrímsins frá þessum heimi til hins ókomna* eftir John Bunyan; bls. 209.⁴
- Hann **gerði** það þó **fyrir hálf** orð, að hætta við ræðuna og fara út.
 - *Óðinn* 1915, bls. 24.
- Og, ef á liggur, **gera** grannkonur hans það **fyrir hálf orð** að baka pönnukökur.
 - *Dagur* 15. febrúar 1961, bls. 2.

Samstæðuna *hálf orð* er líka að finna í sömu merkingu þar sem sagnir eins og t.d. *taka* leysir *gera* af hólmi. Eins og fram kemur hjá Jóni G. Friðjónssyni (2006:643) vísar samstæðan *hálf orð* til hins smáa og hann nefnir samböndin *eiga við e-n hálf orð og tala við e-n hálf orð* sem dæmi en önnur ekki.

Í orðasafni Hallgríms Scheving frá miðri 19. öld er minnst á eignarfall með *flýta*, þ.e. *flýta sín*, og það sagt vera fljótsdælska. Þessa notkun þekki ég mjög vel og um hana eru allmörg dæmi í ritmálssafni Orðabókarinnar. Dæmin eru dreifð, bæði í tíma og rúmi og erfitt að tengja þau við Austurland enda þótt ég viti um vilja ýmissa til þess.

- Jón, sæktu langa bátshakann minn og skinnhúfuna mína út í skemmu og **flýttu þín**.
 - Úr leikriti eftir Sigurð Pétursson; lok 18. aldar.
- Konan stóð sem þrumu lostin, svo **flýtti** hún **sín** út.
 - Bjarki, 1899, bls. 7.
- veröldin var farin að **flýta sín**.
 - Úr *Ópinu* eftir Thor Vilhjálmsson, 1970, bls. 202.

Ég hef hins vegar hvergi heyrt minnst á þolfallið með sambandinu *gera at í e-n*. Þessi fallnotkun var algeng í uppvexti mínum á Norðfirði en ég hef ekki orðið vör við hana annars staðar; hún þótt t.d. tíðindum sæta hjá okkur tveimur Norðfirðingum í Menntaskólanum á Laugarvatni hér fyrir langt löngu.

Árni Magnússon (1930:237–254) og Rasmus Rask (1960:271–299) söfnuðu báðir saman orðum sem þeir tengdu landshlutum. Meðal þeirra orða sem Árni taldi austfirsk er orðið *borri* í merkingunni ‘hósti’ og það gerir Rask líka; orðið er líklega flestum ókunnugt nú. Báðir nefna *blána* en aðeins Rask tengir hana Austurlandinu. „Austfirskasta“ orðið sem Rask nefndi er líklega *skjóla*. Skjólan er vel lifandi enda

⁴ Í ritmálssafni Orðabókarinnar segir að bókin hafi komið út 1876 en hafi verið þýdd 1862–1863.

þótt *fatan* sé það líka. En hvort hægt er að tala um skjólu sem austfirsku lengur er ég ekki viss. Af öðrum austfirskum orðum hjá Rask má nefna kvenkynsorðið *hrafnaklukku* ‘bláklukka’ og karlkynsorðin *mokkur* sem er tilbrigði við *mökkur* og *saumur* um nagla.

Fyrir 36 árum skrifaði Helgi Guðmundsson (1977) grein um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar. Hann gerði þar grein fyrir 25 þáttum sem hann taldi skipta máli. Hann velti því m.a. fyrir sér því sem hann taldi annað meginsérkenni málsins sem væri að það væri ekki klofið í mállýskur á sama hátt og ýmis önnur mál. Hann benti á að það sem hefði breyst hefði borist um landið eftir hringrás: Málsvæðið væri nefnilega hringlaga og breytingar hefðu borist hratt í báðar áttir enda ferðalög og fólksflutningar tíðir. Og ekki má gleyma Kristjáni Árnasyni (2002, 2005) Hann heldur því fram, vafalaust með réttu, að hinar fornu bókmenntir og þar með ritmálsstaðallinn hafi átt sinn þátt í því að íslenska er nokkuð einsleitt mál.

Það er ekki létt verk að skilgreina mállýsku. Mállýskan byggir fyrst og fremst á framburðareinkennum en vissulega getur orðaforðinn komið við sögu. Enda þótt íslenska sé ekki klofin í mállýskur, hvorki að því er varðar orðaforða né framburð á sama hátt og gerst hefur í Noregi svo að dæmi sé tekið, er hér einhver munur eftir svæðum, stórum eða smáum; gleggsta og nýjasta dæmið um það eru framburðarannsóknir Kristjáns Árnasonar og Höskuldar Þráinssonar. Þeir hafa gert grein fyrir niðurstöðum sínum í fjölmörgum greinum og ekki aðeins sýnt fram á landfræðilega útbreiðslu mállýskuatriða heldur líka mismunandi þróun hinna staðbundnu mállýskna; sjá t.d. grein þeirra frá 2003 og bók Kristjáns frá 2005. Í ljós hefur t.d. komið að harðmælið hefur haldist nokkuð óbreytt en vestfirski einhljóðaframburðurinn á mjög undir högg að sækja og hvað þá -rl/-rn framburðinn skaftfellski. Og flámælið sem löngum var kennt við okkur Austfirðingana hefur horfið með kynslóðunum þar eins og annars staðar

Í tæknivæddum samtíma þar sem hraðinn er aðalsmerki er lítil ástæða til að halda að hér verði til mállýskusvæði í hefðbundnum skilningi. Það er hins vegar nokkuð ljóst að hér á landi er nú þegar einhver munur sem tengjast málhegðun hinna ólíku þjóðfélagshópa og stétta. Þar skipta t.d. aldur og kyn máli. Dæmi um þetta gætu t.d. verið þágufallshneigð yngra fólks (*mér langar*), sjá grein Ástu Svavarsdóttur (2013) og setningagerð eins og *það var hrint mér*, sjá grein Sigríðar Sigurjónsdóttur og Joan Maling (2001). Og þá er það „hin menntaða elíta“ en þá vitna ég í orðalag frá Kristjáni Árnasyni (2005). Það er ekki aðeins afstaða þeirra til íslenskrar tungu og

viðgangs hennar heldur einnig sú þekking og það „vald“ sem í menntuninni er fólgin og skapað getur mun.

Stefán Einarsson fæddist hér innar í dalnum fyrir 116 árum. Það samfélag sem hann fæddist inn í er gjörólíkt því sem nú er. Atvinnuhættir hafa breyst eða horfið og þá gleymast orðin, verða jafnvel í besta falli orð á bók, jafnvel orðabók.

HEIMILDIR

- Árni Magnússons *levned og skrifter*. 1930. Kommissionen for det Arnamagnæanske legat, København.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 2013. Þágufallshneigð í sjón og raun. Niðurstöður spurningakannana í samanburði við málnotkun. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð*. I. Markmið, aðferðir og efniviður. Ritstjórar: Höskuldur Þráinsson o.fl. Bls. 83–110. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- BÍN = Beygingarlýsing íslensks nútímamáls -> www.arnastofnun.is
- Guðrún Kvaran. Hvenær eru bænadagar? *Vísindavefurinn* 27.3.2013. <http://visindavefur.is/?id=64988>; skoðað 7.6.2013.
- Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenzkrar málpróunar. *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni* 1: 314–325. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1959. Nokkur dæmi um áhrifsbreytingar í íslensku. *Íslenzk tunga – Lingua Islandica* 1:55–70.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. *Íslensk tunga* 3. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstjóri: Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- Íslensk samheitaorðabók*. 2012. Ritstjóri: Svavar Sigmundsson. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Forlagið, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins*. Íslensk orðatiltæki: Uppruni, saga og notkun. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1960. *Fem islandske ordsamlinger fra 18. og 19. århundrede*, bls. 271–299. *Opuscula I. Bibliotheca arnamagnæana*. XX. København.

Kristján Árnason. 2002. Upptök íslensks ritmáls. *Íslenskt mál* 24:157–193.

Kristján Árnason. 2005. *Hljóð*. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði.

Íslensk tunga 1. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Kristján Árnason. 2005. Íslenska og enska: Vísir að greiningu á málvistkerfi. *Ritið* 5 (2): 99 – 140.

Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson. 2003. Fonologiske dialekttræk på Island: Generationer og geografiske områder. *Nordisk dialektologi*. Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy (ritstj.), bls. 151–196. Novus, Oslo.

Málfarsbanki -> www.arnastofnun.is

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans -> www.arnastofnun.is

Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann:

Polmynd eða ekki polmynd? *Íslenskt mál* 23:123–180.

Stefán Einarsson. 1949. Um kerfisbundnar hljóðbreytingar í íslenzku. *Studia*

Islandica 10:3–31.

timarit.is

vefir.nams.is/malyrkja/Vidbotarverkefni/ordafordi_eldra_folks.htm